



Forsætisnefnd


Efni: Umsögn skóla- og frístundasviðs um fyrirspurn um kostnað við aðgerðir til að manna störf á skóla- og frístundasviðs

Vísað er til tölvubréfs skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. febrúar 2018, þar sem óskað er umsagnar skóla- og frístundasviðs um svohljóðandi fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um kostnað við aðgerðir til að manna störf á skóla- og frístundasviði.

Í borgarráði 1. febrúar 2018 var lögð fram samantekt á aðgerðum sem miða að því að manna störf á skóla- og frístundasviði, dags. 29. janúar 2018. Um er að ræða ítarlegt skjal þar sem margra leiða hefur verið leitað. Óskað er eftir upplýsingum hvort að tekið hafi verið saman hver kostnaðurinn hafi verið við alla þá 14 liði sem þar eru nefndir. Hefur verið tekið saman tímafjöldi embættismanna sem að verkefninu hafa komið? Hver var heildarkostnaðurinn við lið 1.8, jólagjafir? Hver var kostnaðurinn við nr. 2.2, nýtt útlit og nálgun í auglýsingu? Var keypt utanaðkomandi þjónusta auglýsinga- eða hönnunarstofu og þá hveurrar og fyrir hvaða fjárhæð? 2.3. Við hvaða birtingarráðgjafa var gert samkomulag og hver var kostnaðurinn við hann? Hver var kostnaður við lið 2.7, þjónustu Capacent? Hver var kostnaðurinn við lið 2.12 um samning um dansverkefni?

1. Ekki hefur verið tekið saman hver er kostnaðurinn við alla 14. liðina.
2. Ekki hefur verið tekinn saman heildartími vinnuframlags embættismanna við alla liðina.
3. Skóla- og frístundasvið hefur ekki upplýsingar um kostnað vegna 1.8.
4. Kostnaðurinn við nýtt útlit, nýja nálgun í auglýsingu, hönnun við prentauglýsingar, að sérsníða auglýsingar fyrir hvern og einn miðil, ljósmyndatöku, myndvinnslu, kvikmyndað efni, vinnu við vefborða og hreyfigrafík var 4.591.199 kr. Það var auglýsingastofan Stofan sem fengin var að mestu í þá vinnu og var kostnaðurinn 4.425.360 en Hvíta húsið kom einnig að þeim þætti og var kostnaðurinn 165.839 kr. Kostnaður við allar birtingar á árinu 2017 vegna þessa átaks var 5.755.096 kr. Þessar birtingar voru t.d. prentauglýsingar í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Stundinni og öllum hverfablöðum. Veggspjöld hengd upp í öllum framhaldsskólum, háskólum, sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, kaffihúsum, verslunarkjörnum og fleiri stöðum. Vefborðar á visir.is, mbl.is og stundin.is. Auglýsingar á RÚV, Stöð2, Sjónvarp Símans Premium og kvikmyndahúsum. Netmiðlar voru Facebook, Instagram, googleAdWords, google/youtube pre roll.
5. Auglýsingastofan Hvíta Húsið veitti birtingarráðgjöf og var kostnaður við þá vinnu allt árið 2017 986.339 kr.
6. Kostnaður vegna þjónustu Capacent við auglýsingar þessara starfa var 72. 912 kr.
7. Kostnaður við dansverkefnið í heild sinni var 2.209.500 kr.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs